

Örlygur Arnljótsson  
Hjarðarlundi 8  
600 Akureyri

Akureyri 19. júlí 2018  
UST201807-073/H.V.  
09.07.01

### **Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi á friðlýstu svæði**

#### *Samantekt á lýsingu umsóknar:*

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Örlygs Arnljótssonar vegna framkvæmda við rotþró við Arnarvatn 2 í Mývatnssveit innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár.

Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu eru vernduð með lögum nr. 97/2004. Markmið laganna er að varðeita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Í 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu segir að leita skuli leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins.

#### *Lýsing verkefnis:*

Sótt er um leyfi til að setja niður rotþró við Arnarvatn 2 á túni sunnanundir hól sem íbúðarhúsið á Arnarvatni 2 stendur á og var sýnd á korti frá umsækjanda. Rotþrónni munu tengjast íbúðarhúsið á Arnarvatni 2 og stöðuhýsi í eigu umsækjanda. Rotþróin sem um ræðir er 3.750 l. Um er að ræða nýframkvæmd sem ráðist verður í sumarið 2018.

#### *Umsagnir*

Í samræmi við ákvæði 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 leitaði Umhverfisstofnun umsagna Náttúrufræðistofnunar Íslands, Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn og umráðamanna lands. Ekki voru gerðar athugasemdir við staðsetningu rotþróarinnar út frá náttúrfarari en bent var á að það þyrfti að kanna staðsetningu rotþróarinnar og lagna til hennar út frá menningarminjum. Því var álits Minjastofnunar leitað en í álitinu kemur fram að fornleifaskráning á svæðinu er ekki fullnægjandi og hyggst minjavörður koma á svæðið og gera fullnægjandi skráningu og veita ráðgjöf um staðsetningu rotþróarinnar.

#### *Áhrifamat:*

Umhverfisstofnun telur að sú framkvæmd sem hér um ræðir hafi ekki mikil neikvæð áhrif á náttúrufar svæðisins. Búast má við raski á framkvæmdatíma en framkvæmdasvæði er á gömlu túni sunnan undir bæjarhólnum. Það er mat Umhverfisstofnunar að langtímaáhrif framkvæmdarinnar séu jákvæð að því gefnu að virkni rotþróarinnar sé með þeim hætti sem lýst er í umsókninni.

**Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyi leyfi fyrir framkvæmdum við rotþró á Arnarvatni 2 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Að nánari staðsetning rotþróarinnar verði ákveðin í samráði við Minjastofnun í því skyni að raska ekki fornleifum á svæðinu, en verði þó á túní við Arnarvatn 2.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnunar.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Þess skal gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir að verkefni loknu.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allt rusl verði fjarlægt.
- Öllu raski við verkefnið verði haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökti berist ekki í jarðveg/vatn.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.


Leyfi heilbrigðiseftirlits gæti þurft fyrir verkefninu.

Vinsamlega hafðu þetta bréf meðferðis á meðan verkefninu stendur.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Sigrún Agústsdóttir  
Sviðsstjóri



Arna Hjörleifsdóttir

Arna Hjörleifsdóttir  
Sérfræðingur